



## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

3. fundur stjórnar 2023-2024 föstudaginn 15. september 2023

kl. 13.00 – 15.00 í Gimli, stofu G-301 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson og Hólmsfríður Garðarsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

- Fundargerðir.
  - Fundargerð 2. stjórnarfundar frá 18. ágúst 2023 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
  - Eldri fundargerðir nr. 12-17 – til upplýsinga. (Fskj. 2-7)
- Kjaraviðræður, framhald.
  - Kannanir.
  - Samninganefnd FPR.
  - Fundur með prófessorum.
  - Fundur með rektorum háskólanna.
  - Fundur með BHM.
- Ályktun um launasetningu prófessora. (Fskj. 8-10)
- Stjórn matskerfis opinberra háskóla – skipunartími fulltrúa. Tölvupóstur dags. 29. ágúst 2023. (Fskj. 11)
- Húsnæðismál BHM. Tölvupóstur frá 25. ágúst 2023. (Fskj. 12)
- Starfsemi skrifstofunnar. Framhald.
  - Þjónusta skrifstofunnar – opnunartími.
  - Bílastæðamál.
- Norrænt samstarf um akademískt frelsi.
- Aðalfundur FPR 2024.
- Næstu stjórnarfundir.
- Önnur mál.

### Fylgiskjöl með fundargerð:

- Fundargerð 2. stjórnarfundar frá 18. ágúst 2023.
- 2-7. Eldri fundargerðir nr. 12-17.
- Ályktun um launasetningu prófessora.
- Kröfur á áherslur FPR, samþykkt 7. mars 2023.
- Punktur frá PHP um reynslu sína af kjaraviðræðum.
- Tölvupóstur frá HÍ dags. 29. ágúst 2023 um stjórn matskerfis opinberra háskóla.
- Tölvupóstur frá BHM dags. 25. ágúst 2023 um húsnæðismál BHM.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 13.05.

1.

### 2. Fundargerðir.

a) **Fundargerð 2. stjórnarfundar frá 18. ágúst 2023 lögð fram til afgreiðslu.** (Fskj. 1)  
Fundargerðin var samþykkt samhljóða með breytingum.

b) **Eldri fundargerðir nr. 12-17 – til upplýsinga.** (Fskj. 2-7)

Fyrir lágu eldri fundargerðir sem samþykktar voru í tölvupósti:

Fundargerðirnar eru frá 27. og 30. mars, 4. og 14. apríl og 3. og 16. maí 2023.

## 2. Kjaraviðræður, framhald.

### a) Kannanir.

Formaður sagði frá vinnu við undirbúning tveggja kannana sem rætt var um á síðasta fundi. Tillaga að könnun meðal félagsfólks um áherslur FPR í komandi kjaraviðræðum sem send var stjórn fyrir fundinn var samþykkt með breytingum. Könnunin verður send út nk. mánudag á eftir bréfi frá formanni um starfið framundan. Könnun um kjör og vinnuáðstæður akademísku starfsfólks sem er sameiginleg með FH og FHA er í vinnslu.

### b) Samninganefnd FPR.

Í samninganefnd FPR eru formaður og varaformaður. Þóroddur gefur einnig kost á sér þannig að þau verða þrjú talsins í nefndinni. Umræða var um að fá fleiri í nefndina utan stjórnar eða bjóða aðilum að vera í ráðgjafahóp. Nokkur nöfn komu fram og mun formaður kanna hvort viðkomandi gefa kost á sér.

### c) Fundir með prófessorum og rektorum háskólanna

Formaður sagði frá fundum um kjaramál með prófessorum annars vegar og rektorum háskólanna hins vegar sem verið er að skipuleggja í október. Formaður mun heimsækja Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskólann á bilinu 15. – 25. október. Stefnt er að fundum með hinum skólunum fljótlega eftir það. Skipulagning fundanna er í samráði við trúnaðarmenn félagsins. Nákvæmari tímasetning kemur síðar. Aðrir í stjórn taka þátt ef þeir hafa tök á því.

### d) Fundir með BHM.

Fundur verður með Vilhjálmi Hilmarssyni hagfræðingi BHM þriðjudaginn 19. september kl. 13-14. Þá er áætlaður fundur með Kolbrúnu Halldórsdóttur formanni BHM í október. Efni fundanna eru kjarasamningarnir framundan og áherslur í þeim efnum.

## 3. Ályktun um launasetningu prófessora. (Fskj. 8-10)

Ályktun um launasetningu prófessora sem vísað var til stjórnar á síðasta aðalfundi var tekin fyrir. Rætt var um nauðsyn þess að greina matskerfið og hvernig útkoman er. Samninganefnd FPR var falið að afla gagna um málið sem síðan verða til umræðu á stjórnarfundum.

Þá kynnti formaður minnisblað frá Pétri Henry Petersen f.v. formanni FPR um reynslu sína af síðustu kjaraviðræðum og var umræða um það.

Rætt um að endurskoða kröfugerð FPR frá 7. mars sl. og áherslur sem þar koma fram. Stefnt er að því að það verði gert þegar niðurstöður áðurnefnda kannana liggja fyrir sbr. punkt 2a. Samninganefnd FPR geri tillögu að nýrri kröfugerð sem lögð verður fyrir stjórn og síðan send félagsfólki til skoðunar.

## 4. Stjórn matskerfis opinberra háskóla – skipunartími fulltrúa. Tölvupóstur dags. 29. ágúst 2023. (Fskj. 11)

Tölvupóstur barst frá vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ dags. 30. ágúst 2023 um tilnefningu nýs fulltrúa kjarafélaga í stjórn matskerfis opinberra háskóla var tekinn fyrir. Fulltrúi félagana, Þórólfur Matthíasson prófessor hefur gengt þeirri stöðu síðustu tvö árin og hefði átt að gegna þeirri stöðu út árið 2023 en hann hefur tilkynnt að hann muni ekki halda

áfram út tímabilið. Af þeim sökum er óskað eftir tilnefningu nýs fulltrúa í stjórn frá kjarafélögunum.

Varamaður Þórólfs er Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor og er hún reiðubúin að taka sætið út skipunartímamann. Samkvæmt samkomulagi er hámarksstarfstími fulltrúa hvers kjarafélags þrjú ár í senn og er komið að FH að skipa nýjan fulltrúa sem taki við af Hólmfríði. FH leggur til Jens Guðmund Hjörleifsson varaformann FH sem aðalmann og Jónu Margréti Ólafsdóttur sem varamann og var það samþykkt.

**5. Húsnæðismál BHM. Tölvupóstur frá 25. ágúst 2023.** (Fskj. 12)

Bréf barst frá framkvæmdastjóra BHM þar sem óskað er eftir aðkomu FPR í leit að hentugu húsnæði fyrir skrifstofu bandalagsins og þeirra aðildarféлага sem deila húsnæði með þeim. Formaður lagði til að félagið tilnefni framkvæmdastjóra FPR sem fulltrúa félagsins í þessa vinnu og var það samþykkt.

**6. Starfsemi skrifstofunnar. Framhald.**

**a) Þjónusta skrifstofunnar – opnunartími.**

Búið er að upplýsa félagsfólk um flutning skrifstofunnar og breytingar því samfara. Síminn er opin allra virka daga frá kl. 10-12. Ef fólk vill koma á skrifstofuna í viðtal eða vegna annarra erinda er best að bóka fyrirfram með því að hringja á skrifstofuna eða senda tölvupóst.

**b) Bílastæðamál.**

Á síðasta fundi var rætt um flutning skrifstofunnar í Borgartún 6, bílastæðamál og kostnaði því samfara. Framkvæmdastjóri óskaði eftir þátttöku félagsins í kostnaðinum vegna eðli starfsins og var það samþykkt.

**7. Norrænt samstarf um akademískt frelsi.**

Á fundi háskólafélagana á norðurlöndum á Íslandi í júní sl. kom fram áhugi á auknu samstarfi um akademískt frelsi á norðurlöndum og að gera könnun þar að lútandi.

Formaður upplýsti um stofnun starfshóps fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt.

Umræða var um aðkomu FPR að þeirri vinnu.

Fulltrúi FH, Henry Alexander Henrysson, hefur sýnt málinu áhuga. Kannað verði hvort hann gefi kost á sér. Hólmfríður hefur áhuga á að vera í póstsamskiptum.

**8. Aðalfundur FPR 2024.**

Aðalfundur BHM verður 23. maí 2024. Æskilegt er að aðalfundur FPR verði fyrir þann fund í maí. Tillaga að dagsetningu verður lögð fram á næsta fundi.

**9. Næstu stjórnarfundir.**

Næsti stjórnarfundur verður föstudaginn 13. október kl. 13-15. Formaður BHM kemur á fundinn. Rætt var um að breyta fundartíma stjórnar þannig að þeir verði almennt á þriðjudögum kl. 14-16. Málið verður skoðað á næsta fundi.

**10. Önnur mál.**

**a) Kostnaðarhlutdeild Starfspróunarsjóðs prófessora í rekstri skrifstofunnar.**

Varðandi tillögu stjórnar FPR um 30% kostnaðarhlutdeild SP í rekstri skrifstofunnar sbr. síðasta stjórnarfund þá kom tillaga frá stjórn sjóðsins um að hlutfallið verði 25% og var það samþykkt.

**b) Námskeið BHM.**

Minnt var á trúnaðarmannanámskeið BHM, framhald 12. október kl. 9-14.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.

Fundarritari: LP.